

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Október 2001

Að vera eða vera ekki þjóðlegur?

Eitt þeirra mála sem tekið var til afgreiðslu á síðasta aðalfundi Ármanna var tillaga Gylfa Pálssonar um breytingu á eink-unnarorðum félagsins. En þau voru eins og flestir vita þannig: **Ármenn, landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.** Tillaga Gylfa fölst í því að orðið „þjóðlegt“ skyldi fellt úr einkunnarorðunum. Skemmst er frá því að segja að tillagan var samþykkt með naumum meirihluta og eink-unnarorðum félagsins breytt í kjölfarið. Fljótlega varð vart við að um málið var alls ekki einhugur eins og atkvæðagreiðslan sýndi glögg og á það við um stjórnarmenn sem aðra félagsmenn. Það kom mér nokkuð á óvart að þetta er greinilega stærra og flókn-ara mál en ég gerði mér grein fyrir í fyrstu. Í stuttu máli er ég er sammála þessari breyt-ingu og tel hana til bóta. En svo er ekki um alla og um þessa umdeildu niðurfellingu eða gengisfellingu á orðinu „þjóðlegt“ urðu nokkrar umræður innan stjórnar félagsins í fyrra og ekki nema gott eitt um það að segja. Ég hvet félagsmenn til þess að segja skoðun sína á þessu máli en mun hér með ríða á vaðið og rökstyðja af hverju ég er sammála breytingunni, en ég þykist þess reyndar fullviss að tillaga verði borin upp á næsta aðalfundi þess efnis að breyta einkunnar-orðunum til fyrra horfs.

Félagi minn einn, ritstóri virts blaðs og mér miklu fróðari um íslenskt mál og málnotkun, leggur á það þunga áherslu að á orðunum „þjóðlegur“ og „þjóðernislegur“ sé mikill munur og þessu tvennu megi ekki rugla saman.

Má vera að það sé rétt en fyrir mér skiptir samhengi orðanna miklu máli og það sem á eftir kemur, s.s. þjóðleg náttúruvernd eða

þjóðleg matargerð. Á þessu finnst mér vera nokkur munur.

Íslenskan á í fórum sínum mörg orð sem byrja á „þjóð-“eithvað. Dæmi: Þjóðtrú, þjóðsögur, þjóðdansar, þjóðlög, þjóðremba, þjóðlegur, þjóðernislegur o.s.frv. Ef enska orðinu „national“ er flett upp í orðabók kemur eftirfarandi í ljós:

Þjóðlegur; þjóðernislegur; þjóðar-; þjóð-; ríkis-; lands n.

Hvað er ég að segja með þessu? Orðin þjóðlegur og þjóðernislegur geta haft ólíka merkingu, en geta líka þýtt nánast það sama, allt eftir samhenginu.

Þjóðleg matargerð? Gott. Allir skilja þetta samhengi. En hvað með þjóðlega náttúruvernd? Þessi samsetning finnst mér einfaldlega ekki ganga upp, því eins og Gylfi benti réttilega á er náttúruvernd ekki þjóðlegt fyrirbæri og nálgast heimsku að reyna að gera hana það. Það væri afar heimskulegt að takmarka sig eingöngu við það sem íslenskt er í þessu efni, enda gerir enginn það í raun. Með því að segjast ætla að stunda þjóðlega náttúruvernd erum við væntanlega að segja að minni eða engin áhersla skuli lögð á alþjóðlega náttúruvernd eða hvað? Höfum við ekki bent mönnum á norska og breska þætti í sjónvarpinu til þess að afla málefni náttúruverndar skilnings? Auðvitað, annað

Almennur félagsfundur miðvikudagskvöldið 7. nóvember!

Ármen eru hvattir til að mæta á almennan félagsfund miðvikudagskvöldið 7. nóvember nk. þar sem fjallað verður um nýjar úthlutunar-reglur, veiðisvæðin og framtíð félagsins almennt. Mætið og látið málið til ykkar taka!

Sumir velja sér
tvo lífsförunauta
um ævina

Scott
er annar þeirra

Flugustangir með
lífstíðarábyrgð

Útsöluastaðir:
Útilíf
Veiðibúð Lalla
Vesturröst

FLUGUSTANGIRNAR
FRÁBÆRU FRÁ SAGE



Servertun fyrir fluguveiðimenn

ÁRMÓT

Þorsteinn Þorsteinsson
Flóka­gata 62 - 105 Reykjavík

ARMENN

Pósthólf 8444, 128 Reykjavík

Landsfélag um náttúruvernd og stangveiði með flugu.
Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

<http://www.if.is/armenn>, armenn@if.is

Dagskráin í Árósum til áramóta

Vetrarstarfið er nú að hefjast af fullum krafti. Hnytt er á mánudagskvöldum frá kl. 20 til 22 og á miðvikudagskvöldum er húsið opið til skrafs og ráðagerða. Aðrir liðir dagskrárinnar eru sem hér segir:

Mán.	5. nóv.	kl. 20.00	Gestahnýtari eða kynning á hnytingaefnum
Mið.	7. nóv.	" 20.00	Almennur félagsfundur
Mán.	21. nóv.	" 20.00	Kynning /fyrirlestur - nánar auglýst síðar
Lau.	8. des.	" 14.00	Litlu jólin
Mán.	10. des.	" 20.00	Gestahnýtari eða kynning á hnytingaefnum

Ármenn eru nú áskrifendur að Trout Fisherman, Trout and Salmon og Flyfishing and Fly Tying þannig að nýjustu eintök liggja frammi á hverjum tíma. Við minnum líka á bóka- og spólusafn Ármanna, alltaf heitt á könnunni og allir félagar og gestir þeirra velkomnir.

væri heimska. Orðið heimska (andstæð merking viðsýni) er reyndar skylt orðinu heima, heimakær o.s.frv., allt mjög þjóðlegt. Við eigum auðvitað að þiggja aðstoð útlendinga varðandi náttúruvernd og verða að liði við **alþjóðlega náttúruvernd** ef við getum. Er það sem Orri er að gera þjóðlegt eða alþjóðlegt? Það getur verið að alþjóðleg náttúruvernd eigi eftir að skipta okkur Ármenn meira máli en við sjáum fyrir nú sem stendur og gæti ég nefnt þar margt til sögunnar.

Hvernig myndist ykkur hljóma ef Barnaverndarstofa hefði einkunnarorðin „félag um barnaheill og þjóðlega barnavernd“? Eða ef samtök sem berðust fyrir varðveislu persónulegra gagna og upplýsinga, hefðu einkunnarorðin „samtök um fríðhelgi einkalífsins og þjóðlega persónuvernd“?

Þið sjáið að um leið og búið er að skjóta orðinu þjóðlegt inn í þetta samhengi fá einkunnarorðin annan blæ því þau eru þá að skilgreina nánar hvað skal gera og hvað ekki.


Vonandi sjá allir að „þjóðlegt“ á ekki heima í þessu samhengi né verndunarmálum eða neinu er varðar náttúruvernd yfir höfuð.

Kveðja,
Hannes Jóhannsson # 580



www.flugur.is

Hér að neðan gefur að líta umsóknareyðublað eins og það lítur út eftir að breytingar hafa verið gerðar á úthlutunarreglum Ármanna.

		Félagsnúmer.....	
Pósthólf 8444, 128 Reykjavík		Nafn.....	
Landsfélag um náttúruvernd og stangveiði með flugu		Heimili.....	
Árósar, Dugguvogur 13, 104 Reykjavík		Sími..... GSM/Vinnus.....	
Sími 568-6051 http://www.if.is/armenn		Tölvupóstur.....	
UMSÓKN VEIÐILEYFA 2002		FYRIR ÚTHL. NEFND	
A <input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>	
Veiðisvæði.....		Stangafjöldi.....	
Stangafjöldi..... Dagar.....		Dagar.....	
Veiðifélagar: Nr.....Nr.....Nr.....		Verð á stöng kr.....	
Athugas.....		Verð samtals kr.....	
B		<input type="checkbox"/>	
Veiðisvæði.....		Stangafjöldi.....	
Stangafjöldi..... Dagar.....		Dagar.....	
Athugas.....		Verð á stöng kr.....	
Athugas.....		Verð samtals kr.....	
C		<input type="checkbox"/>	
Veiðisvæði.....		Stangafjöldi.....	
Stangafjöldi..... Dagar.....		Dagar.....	
Athugas.....		Verð á stöng kr.....	
Athugas.....		Verð samtals kr.....	
D		<input type="checkbox"/>	
Veiðisvæði.....		Stangafjöldi.....	
Stangafjöldi..... Dagar.....		Dagar.....	
Athugas.....		Verð á stöng kr.....	
Athugas.....		Verð samtals kr.....	
E		<input type="checkbox"/>	
Veiðisvæði.....		Stangafjöldi.....	
Stangafjöldi..... Dagar.....		Dagar.....	
Athugas.....		Verð á stöng kr.....	
Athugas.....		Verð samtals kr.....	
		Alls kr. <input type="checkbox"/>	

- Hlíðarvatn, 4 í Grenlæk og 2 í Grímsá (tvímenningstöng).
- Hópar mega vera minni en hámarksstærð. Því minni sem hópurinn er, þeim mun lægri er forgangur hans gagnvart öðrum A-hópumsóknum.
 - Í heild sækir hópurinn um hámarksfjölda stanga, sbr. lið 3 hér á undan.

B-forgangsumsókn

Reynist ekki unnt að uppfylla A-umsókn viðkomandi félagsmanns á viðunandi hátt fær B-umsókn hans aukinn forgang. B-forgangsumsóknir eru afgreiddar á undan öðrum B-umsóknum.

Verkröð við úthlutun

- A-hópumsóknir flokkaðar eftir veiðisvæðum og úthlutað

- veiidögum.
- Aðrar A-umsóknir flokkaðar eftir veiðisvæðum og úthlutað veiidögum.
- Úthlutunarnefnd fer yfir þær A-umsóknir sem ekki tókst að uppfylla og metur hverjar skuli fá B-forgang.
- B-forgangsumsóknur raðað eftir veiðisvæðum og úthlutað veiidögum.
- Öðrum B-umsóknum raðað eftir veiðisvæðum og úthlutað veiidögum.
- C-E umsóknum raðað og úthlutað veiidögum í þeirri röð.

Tölvupóstföng félagsmanna

Ágætu félagar. Sjórinn lítur á það sem skyldu sína að sjá til þess að sem flestir félagsmenn fái vitneskju um starf og leik okkar Ámanna.

Áróður er vissulega góður vettvangur en nútíminn kallar á að við tökum einnig nýjar aðferðir í okkar þjónustu og enn eruð þið hvött til að vera með á tölvupóstfangalista í vörslu stjórnar Ármanna.

Nú á haustdögum kom í ljós að leyft yrði að veiða í Hlíðarvatni fram til 15. október þ. e. 15 dögum lengur en úthlutað var. Stjórnin hafði engin önnur tök á að koma skilaboðum um þetta til félaganna en að senda tölvupóst og biðja þá sem hann fengu að láta boð ganga. Enn er aðeins tæplega þriðjungur félagsmanna á tölvupóstfanga-skrá. Þeir sem

eiga börn, jafnvel þótt ekki búi lengur heima, geta e.t.v. fengið lánað tölvupóstföng þeirra og beðið þau um að taka við þessum orðsendingum og láta vita ef póstur berst til þeirra. Þetta boðkerfi er ekki mikið notað svo að það ætti ekki að íþyngja neinum tölvunotanda. Og svo eru hér skilaboð til þeirra sem töldu sig vera á skrá en fengu ekki umrætt bréf. Einhver villuboð komu frá netþjóninum og vísast að sum netföng hafi verið rangt skráð af einhverjum ástæðum. Verið með strax og hafið samband við ghaukur@centrum.is og segið til ykkar með félagsnúmeri.

Guðmundur Haukur # 524

Veðiþréf frá Svíþjóð

Ágætu veiðifélagar.

Árið 1976 kynntist ég Lúbómír nokkrum Hrdlicka, ungum manni frá Tékkóslóvakíu, sem beðist hafði hælís í Svíþjóð sem pólitískur flóttamaður. Á þessum tíma hafði ég að visu dýft öngli í vatn en hafði lítinn áhuga á veiðiskap. Hann hafði hins vegar veiðidellu á háu stigi, og hafði haft frá fæðingu. Engu að síður urðum við góðir vinir, en samband varð stopult eftir að við hjónin fluttum til Íslands. Ekki alls fyrir löngu tókum við upp samband aftur, nú í tölvupósti. Í vetur stakk ég upp á að hann kæmi í veiðitúr til Íslands og gaf honum upplýsingar um hvað greitt er fyrir veiðileyfi hér á landi.

Af því Lubbi er enginn burgeis, heldur fyrst og fremst veiðimaður, væri hann sennilega Ármaður ef hann byggi á Íslandi. Því datt mér í hug að lesendur Áróðs hefðu gaman af að lesa bréfið sem hann sendi mér í vetur, lítillaga stytta, og allt verð á veiðileyfum í íslenskum krónum.

Boliden, 21. mars 2001


Hæ, veiðiþróðir, kærar þakkir fyrir einstakt tölvubréf. Ég fékk áfall þegar ég las að þú værir farinn að veiða á flugu, en loks áttaði ég mig á að fólk með IQ umfram þetta venjulega ánetjast annað hvort fluguveiðum eða sértrúarsöfnuði þegar það kemst á aldurinn. Ég hef oft þælt í hvar eigi að draga mörkin milli fluguveiða og trúarbragða en komst á endanum að þeirri niðurstöðu að þetta eru bara tvö afbrigði af því sem almenningur fær aldrei skilið. Sama hvert hjálpræðið er, sumir hafa Guð yfir sér og Jesús í kirkjunni, aðrir hafa foss fyrir altari og frelsarann í fluguboxinu. Ég var alveg bit á þessu verði sem þú segir að þeir taki fyrir veiðileyfin. Djöfullinn hafi það, það er eins og renni maltvísí í þessum ám ykkar þarna á Íslandi. Ég veit vel að á Íslandi eru ótrúlega flottar og fiskisælur ár (sérstaklega lax, nokkrir vinir mínir fá sína árlegu fullnægingu í Rangá), en þegar maður býr í einu af þeim sósíalísku löndum sem eftir eru (Kúba,

Norður-Kórea og Svíþjóð) er þetta verð hrein geggjún. Ég skal nefna þér nokkur dæmi um verð þar sem ég hef veitt í Noregi, Rússlandi, Kanada og á Írlandi, og þá erum við að tala um laxveiði.

Í Kanada veiddi ég á vesturströndinni, þ.e. kyrrahafslax. Fyrirtækið sem ég vinn hjá á námu í Kanada, á Vancouver-eyju, svo ég hef verið þar nokkrum sinnum, bæði þar og í nágrenninu, m.a. í ánum Kispiox, Babine, Morice ofl. Veiðileyfið kostaði smápeninga, um fjögur til fimm þúsund kall á viku. Á Queen Charlotte eyju varð maður að leigja sér leiðsögumann þrjá fyrstu dagana á 150 CDOLL, sem við þrír veiðimenn skiptum á okkur. Menn veiddu þarna og slepptu og við tókum allmarga laxa á hverjum degi en það var svolítið erfiðara með steelhead og enginn stór. En stærsti laxinn minn á þessum slóðum var 15 kíló, tekinn í Stamp River á Vancouver-eyju. Á Írlandi er víða hægt að veiða í góðum ám fyrir slikk, t.d. í efri hluta Moy. Ríkisleyfi kostar um 5000 á viku. Ég veiddi líka í nokkrum einkaám, og borgaði tvö þúsund á dag fyrir að veiða í Erriff, þar er fallett en minni fiskur, og fyrir 4 þúsund á dag í hinni frægu Lackagh-á. Þessir andskotar sögðu að maður gæti náð í yfir 20 kílóa lax (sem mig dreymir um) en guðirnir voru mér ekki hliðhollir, á heilli viku fékk ég bara nokkra urriðatitti. Ókostur er að allir laxar eru frekar litlir.


Noregur er hið fyrirheitna land laxveiðimannsins. Þar hef ég veitt í norðurhér- uðunum, í ám eins og Stabburs, Borse, Tana og Reisa. Leyfin fást á 12 þúsund á viku. Þarna er ótrúlega fallett og erfitt að fá leyfi. En þarna hef ég fengið minn stærsta hingað til, 15,5 kíló í Reisa. Á þessu ári er ég búinn að panta viku við Sanddöla á í Norður Þrándheimi fyrir 40 þúsund, en þá fylgir líka þak yfir hausinn. Eitt árið var ég þrjá daga á neðsta svæðinu í Alta, Raipas, fyrir 12 þúsund á dag, fékk fjóra, en bara einn var yfir 10 kíló.

Rússland, þar hef ég oft verið, það er lyginni líkast. Einu sinni var ég heldur betur

 <p>VEIÐIHORNIÐ</p>	<p>Veidihornið Hafnarstræti kappkostar að bjóða fluguhnýturum landsins mesta úrval af fluguhnýtingaefni á góðu verði. Komið í heimsókn og sannfærast. Alltaf heitt á könnunni.</p>
<p>Munið vildarklúbb Veidihornsins - afsláttur og góð tilboð. Veidihornið Hafnarstræti - opið alla daga vikunnar. Sími 551 6760.</p>	

snuðaður, áin var tóm, það var ekki einu sinni urriðatittur, allt netjað. Ég sat tíu daga inni í skógi í lok september, stundum snjóaði, og beið eftir að komast til baka. Fyrir þessa skemmtun greiddi ég 160 þúsund. En aðrar ferðir hafa tekist mjög vel. En það er býsna dýrt. Hin litla og fina á, Ponoy, kostaði 200 þúsund á viku, en þá fékk ég líka 12 til 15 laxa á dag. Í fyrra var besti túrinn hingað til. Ég komst með í rannsóknar-leiðangur á vegum Sænsku laxarannsóknarstofnunarinnar og Rússnesku vísindakademíunnar. Við vorum tvær vikur í gúmmibátum á Varzuga-ánni. Ég borgaði 180 þúsund (sem runnu beint í vasa rússneska yfirmannsins) en túrinn var hverrar krónu virði. Ég fékk 152 laxa á tveimur vikum, því miður enga stórlaxa, en það var fiskur alls staðar. Einn daginn fékk ég 32. Í ár fer ég ekkert til Rússlands, en næsta ár, ef fjárhagur og heilsa leyfir, langar mig enn lengra austur á bóginn, í Úralfjöllin. Það er þar sem stórlaxinn heldur sig.

Og svo má ekki gleyma ánum hér í næsta nágrenni. Aðalveiðiáin í sveitinni, Byske-á, er 40 km þaðan sem ég bý. Þar veiðast 300 laxar í slæmum árum og allt að 1500 þegar vel árar. Og þetta geta verið stórir fiskar, ég hef fengið einn 14 kílóa, en þeir hafa veitt allt upp í 20 kílóa fisk hérna. Eitt vorið fann ég dauðan lax við ána. Hræið vó 18 kíló svo



hann hlýtur að hafa verið 25-28 kíló meðan hann var í fullu fjöri. Áin getur vissulega verið erfið að vaða hana, tvihenda er nauðsyn, en laxinn gengur 120-150 km upp svo það er nóg af veiðistöðum. Og veiðileyfið kostar 12 þúsund á ári. Enn nær rennur Káge-á, það þarf að rigna töluvert til að laxinn láti sjá sig, en hérna kostar árskortið 2000 krónur.

Svo þú ert velkominn í „alþýðu“-ána. Ég er virkur félagi í veiðiklúbbum, svo það verða engin vandræði með hibiýli og veiðileyfi. Þetta ár verður GOTT ár, og næsta ár verður AFBRAÐS ár.

Baldur, líði þér vel, skilaðu kveðju til vina og kunningja, bið að heilsa fjölskyldunni. Ef mér skyldi áskotnast fé fer ég að skipuleggja eitthvað til Íslands.

Kveðjur, Lubbi

Góðir Ármenn. Það er víðar hægt að komast í góða veiði en á Íslandi, og spurning hvornig við getum stemmt stígu við þessu ránverði á veiðileyfum sem hér tíðkast.

Lifið heil. Baldur Sigurðsson # 643

Nýjum úthlutunarreglum fylgt úr hlaði

Nýjar úthlutunarreglur verða teknar í notkun við úthlutun veiðileyfa fyrir árið 2002. Þær eru nú kynntar öðru sinni í Áróði en verða auk þess bráðlega kynntar á almennum félagsfundum. Sjá „Dagskráin í Árósum“ á bls. 2 og pistil á baksíðu.

Þeir sem annast úthlutunina leitast við að úthluta veiðidögum sem best samkvæmt vilja félagsmanna og auk þess að tryggja jafnræði og hagkvæma nýtingu á veiðisvæðum félagsins. Til að það takist sem best er nauðsynlegt að allir fari eftir sömu reglum og skilji þær, umsækjendur jafnt sem úthlutunarnefnd.

Nýju reglurnar kunna að virðast flóknar við fyrstu sýn en þær eru í aðalatriðum þær sömu og hafa verið notaðar hjá félaginu mörg undanfarin ár. Sótt er um eina úthlutun á A-forgangi, eina á B-forgangi o.s.frv. Umsóknareyðublöðin verða einnig nánast óbreytt. Eini munurinn í umsókn felst í

atriðum sem snerta svonefndar A-hópumsóknir, sem eru sterkastar allra umsókna og verða afgreiddar fyrstar.

Þeim sem hafa mjög ákveðnar óskir um veiðidaga í huga vil ég benda á að kynna sér vel kaflann um A-hópumsóknir og nýta sér forganginn sem þær geta veitt.

Eldri reglur höfðu nokkra galla sem ýmist komu í ljós strax við úthlutunarstörfina eða seinna þegar menn skiluðu inn veiðileyfunum sem þeir kærðu sig ekki um.

Það er von okkar í stjórn Ármanna að þessar nýju reglur fækki göllunum og uppfylli þær væntingar sem hér hefur áður verið lýst.

Félagsmenn eru enn og aftur hvattir til að kynna sér þær tímanlega svo að úthlutun megi takast sem best.

Ágúst Ú Sigurðsson # 2

Reglur fyrir úthlutun veiðileyfa

Almennt

Félagsmenn sem vilja sækja um úthlutun veiðidaga skulu skila inn umsóknum til félagsins á þar til gerðum eyðublöðum áður en skilafrestur rennur út. Hver félagsmaður má aðeins sækja um eina úthlutun á A-forgangi, eina á B-forgangi o.s.frv. Umsóknirnar hafa hæstan forgang, síðan B-umsóknir og svo koll af kalli.

Til að ákvarða innbyrðis forgang A-umsókna skal beita reglum um A-hópumsóknir og B-forgangsumsóknir.

Ef þessar reglur duga ekki til að skera úr um forgang umsókna skal fyrst leita eftir samkomulagi við jafnréttáa umsækjendur með því að gefa þeim kost á að velja í staðinn aðra óráðstafaða veiðidaga á sama svæði. Annars skal úthlutun ákvörðuð með hlutkesti.

Reglurnar gilda um úthlutun á öllum veiðisvæðum félagsins. Stjórn félagsins er þó heimilt að mæla fyrir um einstök frávik og

verða þau þá kynnt í desemberhefti Áróðs vegna komandi veiðitímabils ásamt öðrum atriðum sem varða umsóknirnar.

A-hópumsókn

A-hópumsókn myndast við það að hópur Ármanna sækir sameiginlega um allar stangir í einni úthlutun eða veiðihóp (“holli”). A-hópumsóknir fá forgang umfram aðrar umsóknir og eru afgreiddar fyrstar. Til að A-umsókn teljist gild verða umsóknir allra sem mynda hópinn að uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

1. Umsækjandinn skal vera skráður Árnaður og skuldlaus við félagið.
2. Í A-umsókn er veiðifélaganna getið með því að setja félagsnúmer þeirra í hópumsóknarreit svo ekki sé vafi á því hverjir mynda hópinn.
3. Hámarksstærð hóps fer eftir stangafjölda á veiðisvæðinu, t.d. 3 í



SÉRVERSLUN FYRIR VEIÐIMENN

VESTURRÖST

Laugavegi 178, 105 Reykjavík, Símar 551 6770 og 581 4455
Fax 581 3751